

AFSTAÐA beitir sér í baráttunni við vímuefni

Neysla eiturfylla og annarra vímuefna innan veggja Litla-Hrauns sveiflast líkt og vindar blási. Vistmenn kannast vel við skrautlega páska, skuggalega verslunarmannahelgi og löng áramót. Þar við bætast erfiðar minningar sem gjarna sýnast glataðar og hafa orðið föngum tilefni til neyslu.

Ábyrgð fanga

Þrátt fyrir innilokun og erfiðar aðstæður verður ekki hjá því litið að fangar bera sjálfir sína ábyrgð á neyslunni í fangelsinu. AFSTAÐA telur tímabært að fangar axli nú þá ábyrgð og hefjist sjálfir handa við að sporna gegn almennri neyslu. Frumkvæði fanga að þessu leyti hlýtur að vera dýrmætt skref í átt til betra lífs, bæði innan veggja fangelsisins og ekki síður, eftir að afplánum lýkur.

Markmið AFSTÖÐU

AFSTAÐA hefur staðið að undirbúningi vímuefnaverkefnis sem ætlunin er að hrinda í framkvæmd nú í haust. Væntanlega er hvergi að finna slíka reynslu sem flokkur fanga býr yfir í þessum málaflokki enda býr helsta afleiðing vímuefnaneyslu á Litla-Hrauni.



AFSTAÐA vill taka þátt í verkefnum innan sem utan fangelsisins, standa að forvörnum og leita leiða úr ógöngum þeim sem fíkninefnaneytendur eru fastir í. Lögð verður áhersla á að miðla þeirri reynslu sem til er á þann hátt að sem flestir geti notið hennar.

Áhersla

AFSTAÐA leggur höfuðáherslu á skynsemi manna, valfrelsi einstaklinga og hæfileika þeirra til að taka hlutlægar ákvarðanir. Því telur félagið nauðsynlegt að upplýsa og fræða fólk um alla þætti vímuefna, allt frá innihaldi efnanna til einstaklingsbundinna áhrifa þeirra

til lengri eða skemmri tíma. Því verður ekki haldið fram að eiturfyllt séu ljót og vond heldur bent á hvernig neysla þeirra vinnur gegn heilbrigðum markmiðum. Menn ná markmiðum sínum með þeim tólum og tækjum sem til þess henta, ekki öðrum. Eigi fólk sér á annað borð drauma geta þeir orðið að veruleika ef sú leiðin er farin. Leiðin að hamingjunni liggur fjarri slóða vímuefna og því ber einfaldlega að velja aðra leið.

Ætlunin er að birta verkefnið í formi blaða- og sjónvarpsauglýsinga auk þess sem stefnt er að útgáfu fræðsluefnis.

Samstarf

AFSTAÐA hugar að samstarfi við ýmsa aðila í tengslum við vímuefnaverkefnið. Vonir eru bundnar við gott samstarf við fangelsisýfirvöld, íslenska aðila og erlend samtök sem starfað hafa á þessum vettvangi með góðum árangri. Af erlendum samtökum ber helst að nefna KRIS, sænsk samtök sem rekin eru af fyrrverandi föngum og starfa nú víða um Evrópu.

Neysla í fangelsi

Í tilefni umræðu um eiturfjaneyslu og sölu á Litla-Hrauni sem skapaðist í kjölfar síðasta tölublaði vill AFSTAÐA koma eftirfarandi á framfæri. Tölur um hundruð þúsunda vikutekjur fíkniefnasala á Hrauninu eru fjarri lagi. Vissulega er neysla í fangelsinu mikil og óásættanleg en skýringarinnar hefur oft verið leitað í því hversu lokað og harðgert Litla-Hraun er. Neysla í íslenskum fangelsum virðist vera

hlutfallslega meiri en í fangelsum annarra landa en á því hafa þó ekki verið gerðar neinar sérstakar rannsóknir. Því er óvarlegt að draga ályktanir út frá upplifun einstakra fanga. Hitt er annað að tækifæri íslenskra fanga eru oft mjög takmörkuð hvað varðar uppbyggingu og endurreisn vegna fátæklegrar úrræða sem í boði eru. Því fer þó fjarri að fangar á Litla-Hrauni séu almennt í daglegri neyslu fíkniefna, illviðráðanlegir og

óferjandi. Fjölmargir fangar eiga sér heilbrigð markmið og alltaf er von um að sá hópur stækki. Slíkir hlutir haldast þó í hendur við viðhorf til fanga og þá möguleika sem þeir standa frammi fyrir í lok afplánunar. Í tengslum við vímuefnaverkefni sem AFSTAÐA hyggst hleypa af stokkunum nú í haust er ætlunin að mæla neyslu fanga og skilgreina þörfina hvað varðar ýmis úrræði.

Meðal efnis:

Vægðarlaus
fjölmiðlaumfjöllun
getur haft alvarleg
áhrif á fanga

-3-

Gæsluvarðhald
og almannahagsmunir

-4-

Sláandi niðurstöður
skoðanakönnunar á
heilbrigðisþjónustu
á Litla - Hrauni

-8-

Farsímanotkun
er leyfð á
Kvíabryggju

-10-

Jákvætt hugarfar

Með jákvæðu hugarfari verður lífið mun auðveldara fyrir hvern og einn. Öll viljum við finna fyrir því að við séum einhvers virði. Tækifærin eru óþrjótandi í kringum okkur, það er bara okkar að koma auga á þau og grípa. Í fangelsi eru margir einstaklingar komnir saman í neikvæðu umhverfi. Þar skiptir miklu máli að hjálpa hverjum og einum að komast í gegnum vistina eins klakklaust og hægt er. Þar skiptir jákvæðni miklu. Að hrósa þeim sem vel gerir er mikilvægt og ýta undir að viðkomandi stuðli að heilbrigðu líferni er einnig mjög mikilvægt. Við leitum öll eftir viðurkenningu og hrósi. Við viljum skipta einhverju máli, geta sagt að þarna kom ég nálægt. Það er þá mikilvægt að þar sem við stígum niður fætinum skiljum við eftir góðar

minningar.

Hvað viljum við svo ná út úr lífinu, það er stutt og mikilvægt að hlúa vel að því. Ein góð bók ber nafnið *“Með lífið að láni Njóttu þess”*. Það eru orð að sönnu. Það eru stór tímamót að koma í fangelsi. Lífið breytist verulega, nýjar dyr opnast og aðrar lokast. Það að falla í þunglyndi og neikvæðar hugsanir eftir að komið er í fangelsi er mjög auðvelt. Best er fyrir þann einstakling sem upplifir það að koma í fangelsi að fara í sjálfskoðun. Hvað var það sem olli því að hingað kom ég. Hvað get ég gert til að bæta mig. Við viljum láta muna eftir okkur á þeim góðu verkum sem við gerðum ekki þeim slæmu. Þar kemur jákvætt hugarfar enn og aftur við sögu. Mikilvægt er að nota tímann

vel og í einverunni inni á klefa að vinna í sjálfum sér.

Sagt er að með fangavist er viðkomandi að gera upp skuld sína við samfélagið. Þegar úttekt er lokið kemur viðkomandi út með hreinan skjöld. Einnig segir í trúarjátningunni að við trúum á fyrirgefningu syndanna. Ef við höfum nýtt tíman vel í fangelsinu erum við betur í stakk búinn að taka á móti því sem framundan er og láta þannig verkin kynna okkur. Hið gamla var að engu, sjá, nýtt er orðið til, segir í Biblíunni. Þannig ætti hver og einn að hugsa. Hið gamla er búið og ekki hægt að velta sér upp úr því. Heldur horfa fram á veginn, brosa og sjá öll góðu tækifærin sem eru óþrjótandi.

-Ritstjórar Tímamóta

Síbrotamenn og reynslulausn


Í réttarkerfum þjóða heimsins eru sérstök refsíákvæði um þyngri refsingar til handa þeim sem leggja það í vana sinn að brjóta af sér, eins og það er orðað í almennum hegningarlögum hér á landi. Í fangelsiskerfinu gilda sömu viðhorf sem birtast í því að sá sem telst síbrotamaður, eða vanafbrotamaður, er síður talinn heppilegt viðfangsefni reynslulausnarkerfisins. Þeir sem á annað borð lenda í þeirri ógæfu að brjóta ítrekað af sér eyða gjarna árum sínum með annan fótinn úti á götu en hinn innan fangelsisgirðingar. Við hvert nýtt

afbrot þyngist refsingin og dvölin í fangelsi lengist.

Líklega er það engin fjarstæða að halda því fram að tími sé kominn til að sníða reynslulausnarkerfið með einhverjum hætti að þeim sem uppnefndir eru síbrotamenn. Mönnum er vel kunnugt um það að fangelsishlið eru vængjahurðir sem opnast jafnt inn sem út. Þá þekkja menn orðið mæta vel þær afleiðingar fangavistar sem koma fram í andfélagslegri hegðun og nýjum afbrotum. Síendurtekin fangavist fylgja síendurtekin afbrot.

Þegar fangelsisýfirvöld geta

haldið því fram með góðum rökum að tiltekinn ógæfumaður sé farin að leggja afbrot í vana sinn væri eflaust hyggilegast að grípa í taumana. Í stað þess að lengja hina skaðlegu fangelsisdvöl mætti vel hugsa sér að stytta hana. Þar gæti skipulagt reynslulausnarkerfi eflaust skilað ágætum árangri. “Síbrotamaðurinn” yrði þá leiddur um samfélagið en ekki inn um fangelsishliðið. Allt bendir til þess að þannig mætti vekja áhuga margra á eigin ósiðum og styrkja viljann til að axla ábyrgð. Þar fyrir utan kostar slík tilhögun minna en hin.



Tímamót



2. tbl. 4. árg. júlí 2006

Útgefandi:

AFSTADA - félag fanga á Litla - Hrauni.

Ritstjórar:

Sigurbjörn S. G.
Rúnar B. M.

Stjórn AFSTÖÐU:

Atli H.
Guðmundur I. Þ.
Jónas I. R.
Magnús E.
Rúnar B. M.
Sigurbjörn S. G.

Settning og umbrot:

Sigurbjörn S. G.

Prófarkalestur:

Ágúst M.

Prentvinnsla:

Skrifstofa Litla-Hrauns.

Dreifing:

Sent til allra fangelsa á landinu, stjórnvalda og fjölmiðla. Auk annara tengdra samtaka og stofnanna.

TÍMAMÓT

Litla - Hrauni
820 Eyraðakka

Allar greinar blaðsins má nota að vild sé heimilda getið.

Upplýsingar um innihald blaðsins gefa ritstjórar þess í síma 480 9000.

Þakkar:

Finnbogi, ljósmyndari á Akureyri. Fyrir lán á ljósmynd á baksíðu á síðasta tölublaði.



Vægðarlaus fjölmiðlaumfjöllun getur haft alvarleg áhrif á fanga

Kyrrð er komin yfir ganga á Litla - Hrauni. Fangar komnir í ból og sumir farnir inn í draumaheiminn. Litill bjarmi kemur inn með hurðinni í klefa fanganna, frá flóðlýsingunni á ganginum fyrir framan. Loks eru fangarnir óttalausir er þeir dreyma um betri tíma. Í einum klefanum er einn fangi enn vakandi. Hann er ekki kominn í kyrrðina í draumaheiminn. Annað fer í gegnum huga hans, vonleysi og ótti við það ókomna. Lífsneisti hans hefur dofnað. Daginn eftir er hann allur.

Ekki hafa verið gerðar athuganir á því hversu stór hópur einstaklinga skaðar sig eða reyna sjálfsvíg í fangelsum hér á landi. Það að sjálfsvígstilraunir takist er þó sem betur fer sjaldæft í íslenskum fangelsum en fimm fangar hafa svipt sig lífi síðas liðin 30 ár. Þar af urðu þrjú sjálfsvíg á mjög skömmum tíma árið 1998. Í kjölfar þeirra atburða var nefnd sett á laggirnar sem fór ítarlega í saumana á þessum málum og í framhaldi var gefin út skýrsla með niðurstöðum. Sama ár gaf Fangelsismálastofnun og Landlæknisembættið út vinnureglur til að koma í veg fyrir sjálfsvíg fanga.

Aðkoma að einstaklingi sem hefur reynt sjálfsvíg er oft óhugnanleg og getur haft skaðleg áhrif á andlega líðan fanga sem og fangaverði sé ekki brugðist rétt við. Í síðasta tölublaði Tímamóta sagði Ari Björn Thorarensen formaður fangavarðafélagsins að það reyndi griðarlega á fangaverði komi upp sjálfsvíg í fangelsum landsins. „Þetta hefur verið minn erfiðasti tími í starfi hér“, sagði Ari Björn um þau sjálfsvíg sem orðið hafa á Litla - Hrauni. Sumir hverjir hugðust þá hætta í starfi, sökum álags. Fyrir nokkrum árum var ekki skipulögð þjónusta og verklagsreglur fyrir starfsmenn sem upplifa hafa áföll í starfi en Fangelsismálastofnun ríkisins hefur nú stuðlað að slíkri þjónustu. Að auki hafa starfsmenn notið stuðnings hvers annars þegar á hefur þurft að halda.

Við lok fyrrnefndrar sjálfsvígsbylgju árið 1998, gerði landlæknir skýrslu. Í kjölfar hennar var gerð önnur skýrsla og er Þórarinn Viðar Hjaltason sálfræðingur einn skýrsluhöfundur. Sú skýrsla var gerð í lok árs 2005. Þar komu fram reglur sem fangaverðir eiga að starfa eftir til að meta hvort fangar séu í sjálfsvígshættu. „Almennt hefur


komioð í ljós að sjálfsvígshætta eykst með aldri og að aðeins meiri líkur eru á að karlmenn svipti sig lífi en konur. Mestar líkur eru þó á því ef einstaklingur hefur áður reynt að svipta sig lífi eða er með geðklofa, þunglyndi eða misnotar vímuefni“, segir Þórarinn Viðar í samtali við Tímamót.

Fangarnir sjálfir eru hvor öðrum stoð og stytta ef eitthvað bjátar á. Þeir reyna að hjálpa hvor öðrum í gegnum erfiða tíma. Þeir geta einnig verið hvor öðrum heljarinnar víti, lagt í einelti og jafnvel stuðlað að mikilli vanlíðan hjá samföngum sínum. Flestir láta þó vita ef þeir vita af fanga í sjálfsvígshugleiðingu. „Þegar sjálfsvíg hafa orðið í fangelsum hafa fangaverðir stundum legið undir ámæli um að hafa ekki áttað sig á því að viðkomandi væri í sjálfsvígshættu. Við fyrstu sýn virðist stundum um réttmæta gagnrýni sé að ræða, því þegar lítið er til baka er oft hægt að sjá öll hættumerki sem leiddu til atburðarins. Það er því oft auðvelt að greina sjálfsvígshættu eftir á, þ.e. eftir að sjálfsvígið hefur átt sér stað“, segir Þórarinn Viðar.

Helstu vísbendingar um sjálfsvígshættu fanga er t.d. dauðaósk, sjálfsvígs-hugsanir, vonleysis-tilfinning, svartsýnis-hugsanir og sálarhvalir. Þegar ástand einstaklinga breytist skyndilega þá er hættan mest.

Um getur verið að ræða svefnleysi, lélegri matarlyst, miklar áhyggjur, vonleysis-tilfinningar, ráðaleysi, þirring, reiði eða biturleika. Einnig getur verið að einstaklingur dragi sig í hlé og velji að einangra sig að meira og minna leiti.

Einstaklingar sem teknir eru beint af götunni í gæsluvarðhald eru oft í slæmu andlegu ástandi. Hættan á að einstaklingur fremji sjálfsvíg er mest fyrstu tvær vikurnar í gæsluvarðhaldi, eða einangrun. Erlendir ríkisborgarar frá öðrum löndum utan Evrópu eru í aukinni sjálfsvígshættu, sérlega ef þeir eru án fjölskyldu og vina. „Fyrstu tvær vikurnar í gæsluvarðhaldi geta verið einstaklingnum mjög erfiðar t.d. vegna sviptingar frelsis, fráhrarfseinkenni, vímuefnabörf, lögregluyfirheyrslur, dómur og vægðarlaus fjölmiðlaumfjöllun. Fangaverðir geta gert ýmislegt til að draga úr sjálfsvígshættu fanga“, segir Þórarinn Viðar Hjaltason sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun ríkisins í samtali við Tímamót.



Gæsluvarðhald og almannahagsmunir

Hvað varðar gæsluvarðhaldsúrskurði hefur því verið haldið fram að dómstólar Íslendinga fari frjállega með tilhögun gæsluvarðhalds yfir grunuðum mönnum. Á Íslandi er það orðin hálfgerð venja að menn séu úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald þrátt fyrir að rannsóknarhagsmunum í sakamáli sé lokið. Í tísku er að rökstyðja slíka úrskurði með svkölluðum almannahagsmunum sem eru þó hálf óskilgreindir og oft heldur ósýnilegir.

Í úrskurðum dómstóla hefur verið kveðið á um gæsluvarðhald manna á þeim grundvelli að hinn kærði sé grunaður um að hafa framið brot sem kann að varða þungri refsingu og að brotið sé þannig að almannahagsmunir krefjist þess að kærði sæti gæsluvarðhaldi þar til máli hans sé lokið.

Ákærvaldið hefur rökstutt kröfu sína um slíka gæsluvarðhaldsúrskurði með þeim hætti að það sé í samræmi við réttarvitund almennings og að gera mætti ráð fyrir eftirtekt og andúð almennings ef hinn grunaði endurheimti frelsi sitt áður en dómur fellur. Íslenskir dómstólar fallast gjarnan á þennan

rökstuðning.


Það eru taldir vera hagsmunir almennings á Íslandi að hann þurfi ekki að hneykslast, vakna til eftirtektar eða finna fyrir andúð. Með öðrum orðum má segja að verið sé að verja íslenskan almenning fyrir því að þurfa ekki að láta í ljós fordóma. Það er hins vegar svo að lýðræðisríki aðhyllast einstaklingsfrelsi og sakleysi uns sekt er sönnuð. Upphaflega hugmyndin að baki gæsluvarðhaldi miðast að sjálfsögðu einnig við það.

Gæsluvarðhald er þvingunarúrræði sem skyldi aðeins beita ef nauðsyn krefur og þá í þeim tilgangi að tryggja framgang rannsóknar sakamáls. Tilhögunin á að fela í sér eins litlar skorður á lífi grunaðra manna og kostur er. Þar er aðeins átt við þær skorður sem dómari telur nauðsynlegar til að tryggja framgang rannsóknar. Hagsmunum almennings er borgið ef hinn grunaði getur ekki spilt fyrir rannsókninni. Hagsmunir almennings eru hins vegar varla fölgir í því að saklaus maður sé fangelsaður, þrátt fyrir að hann sé grunaður. Með því væri í raun

verið að segja að betra og réttlátara sé að hafa saklausan mann í fangelsi en sekan úti á götu. Líklega er það miklu fremur hinn mesti hagur almennings að einstaklingsfrelsis sé gætt í hvívetna og að frelsissviptingu sé einungis beitt í algjörum undantekningartilvikum.

Almenningur kann að hneykslast á ýmsu, vekja eftirtekt yfir flestu og fundið fyrir andúð við ýmis tilefni. Það er ekki þar með sagt að fjarlægja þurfi ástæðuna. Gangi þjóðfélagið sinn vanagang og raskist líf þess ekki er almannahagsmunum líklega borgið. Verkföll, kröfugöngur, verðbólga og atvinnuleysi geta valdið röskun í þjóðfélaginu og þar með raskað hagsmunum almennings. Hneykslun og andúð gerir það varla.

Af íslenskum gæsluvarðhaldsúrskurðum verður ekki betur séð en að einstaklingsfrelsinu og hagsmunum almennings sé velt um koll. Ekki er hugað sérstaklega að hinni ógurlegu röskun sem frjálleg frelsisskerðing hefur á líf ódæmdra manna og umhverfið í kringum þá.



”

Gæsluvarðhald er þvingunarúrræði sem skyldi aðeins að beita ef nauðsyn krefur og þá í þeim tilgangi að tryggja framgang rannsóknar sakamáls.

Tilhögunin á að fela í sér eins litlar skorður á lífi grunaðra manna og kostur er. Þar er aðeins átt við þær skorður sem dómari telur

nauðsynlegar til að tryggja framgang rannsóknar.

Hagsmunum almennings er borgið ef hinn grunaði getur ekki spilt fyrir rannsókninni

”



Álma B í gæsluvarðhaldi, einangrun



70% fanga eiga við fíkniefna og áfengisvanda að stríða

Fjölgun þeirra er taka út dóma fyrir fíkniefnabrot hafa fjölgað, en á síðasta ári tóku 95 einstaklingar út dóm fyrir fíkniefnabrot, eða 31.8%. Fjölgun þeirra er taka út slíkan dóm er því veruleg og hefur einstaklingum í þessum brotaflokk fjölgað að jafnaði um tæpa 50 einstaklinga frá árinu 1995 til ársins 2005.

Fíkniefnabrotum hefur fjölgað verulega á s.l. árum. Þegar þessi grein er skrifuð sitja 19 fangar á Litla - Hrauni fyrir fíkniefnabrot. Flestir þeirra sitja inni í 1 til 3 ár. Árið 1995 tóku 51 fangi út dóm vegna fíkniefnabrots, eða 13.8% þeirra er tóku þá út dóm á árinu. Fjölgun þeirra er taka út dóma fyrir fíkniefnabrot hafa fjölgað, en á síðasta ári tóku 95 einstaklingar út dóm fyrir fíkniefnabrot, eða 31.8%. Fjölgun þeirra er taka út slíkan dóm er því veruleg og hefur einstaklingum í þessum brotaflokk fjölgað að jafnaði um tæpa 50 einstaklinga frá árinu 1995 til ársins 2005. Flestir tóku út dóm fyrir fíkniefnabrot á árinu 2003, eða 91 einstaklingur. Fjöldi skráðra fanga var þá í september 112.

“Fyrir 10 árum afplánuðu um 13% fanga fyrir fíkniefnabrot. Nú er um 30% sem afplána fyrir sama brot og ætli það sé ekki um 70% fanga sem eiga við fíkniefna og áfengisvanda að stríða. Það gefur augaleið að ásókn í þessi efni er mikil í fangelsunum. Aðalmálið er að minka eftirspurnina, hafa meiri meðferðarúrræði. Við erum með áform um að byggja nýtt móttöku og meðferðarfangelsi. Það er það sem vantar, þar sem hægt er að taka á fíkniefnavandanum strax í upphafi. Vista svo menn á mismunandi stöðum eftir árangri meðferðar. Það þarf að skipta fangelsinu á Litla - Hrauni þannig að þar séu vímuefnalausir gangar og deildir, þar sem hægt er að aðskilja menn í útivist og svæðinu öllu. Þetta er það sem búið er að gera í nágrannalöndunum”, segir Valtýr Sigurðsson fangelsismálastjóri í samtali við Tímamót. Árið 2005 fengu 139 fangar á Litla - Hrauni



Fíkniefnabrotum hefur fjölgað verulega á s.l. árum. Á síðasta ári tóku 95 fangar út dóm vegna fíkniefnabrots, eða 31.8%. Árið 1995 voru það 51 einstaklingar, eða 13.8%

agaviðurlög, af því voru 73 vegna fíkniefna, er það 52%. Það sem af er þessu ári hafa 39 fengið agaviðurlög, af því eru 22 fangar sem fengu agaviðurlög vegna fíkniefna, eða 56%.

Flestir fangar á landinu taka út dóma í fangelsinu á Litla - Hrauni. Þar eru 77 klefar og 10 einangrunarklefar. “Við erum ekki með flókið fangelsis kerfi. Á Litla-Hrauni eru flestir. Við vitum það vel að það er neysla í fangelsum, ekki bara hér á landi heldur í öllum fangelsum. Sumir eru þar á kveðnir að hætta fíkniefnaneyslu, en eiga erfitt með að þola það að þar sé neysla. Aðrir eru staðráðnir í því að halda neyslunni áfram”, segir Valtýr.

CPT - eftirlitsnefnd Evrópuráðsins hefur bent á það að ekki séu næg meðferðarúrræði í fangelsum landsins, eða meðferðardeildir. “Fangelsið á Litla - Hrauni

er ekki byggt eins og við vildum hafa það, við erum með áform um að breyta fangelsinu verulega. Búa til mismunandi öryggisstig. Reynt er að vinna að betrun í fangelsunum, þar er t.a.m. sálfræði- og geðlæknabjónusta. Það fara margir fangar í meðferð á meðan afplánun stendur. Það starf höfum við verið að efla stórlega, að gefa mönnum kost á því að fara í meðferð. Þannig höfum við verið að fara eftir því sem nágrannabjóðir okkar hafa verið að gera, að bjóða þeim mönnum sem það vilja”, segir Valtýr.



Valtýr Sigurðsson
Fangelsismálastjóri


Kór fanga hefur komið fram opinberlega

Kór fanga á Litla - Hrauni, Frelsiskórinn hefur komið opinberlega fram í tvö skipti frá stofnun hans árið 2004. Hefur kórinn vakið mikla athygli og fögnuð þeirra er á hlýddu. Fyrst kom kórinn fram opinberlega á norrænni fangelsisráðstefnu á Selfossi. Eftir það, bauðst kórnum að koma fram í guðþjónustu í Selfosskirkju á sjómannadaginn. Kirkjan var þétt setin og var brugðið dálítið út af hefðbundinni dagskrá guðþjónustu. Kirkjukór og organisti kirkjunnar voru í fríi erlendis og sá þá kórinn um allan söng í guðþjónustunni. Skemmtilegt var að sjá þegar sóknarpresturinn Sr. Gunnar Björnsson vék sér frá altari og settist við píanóið og stjórnaði kórnum, en Gunnar hefur verið stjórnandi hans frá upphafi. Kórinn tók sama efni og á norrænu fangelsismálaráðstefnunni, fyrir utan nokkra sálma.

Uppákomur sem þessar hafa gefið föngunum mikla uppörvun og gleði. Dagarnir fyrir og eftir slíkar uppákomur hafa verið gleðilegir og fullir eftirvæntingar. Dagarnir orðið skemmtilegri og varpað gleði yfir innantóma daga, brotið upp hefðbundinn dag fanga, sem hefur oft á tíðum lítið innihald. Það mátti sjá glampa og bros á kórfélögum er rútan rann úr hlaði á Litla - Hrauni og til guðþjónustu. Allir voru í sínu finasta, en velunnarar kórsins klæddu félaganna frá toppi til tótar. Eiga kórfélagarnir bestu þakkið að færa til Dressmann á Laugarvegi og Skóverslun Selfoss, fyrir allar gjafirnar. Eftir að kórinn lauk sér af á guðþjónustunni á Selfossi stóðu kirkjugestir upp og klöppuðu, við mikinn fögnuð kórfélaga. Stutta stund fengu fangarnir að fá smjörþef af því að vera frjálsir menn, er þeir settust á meðal sóknarbarna og nutu veitinga í sóknarheimili

kirkjunnar.

Sr. Gunnar Björnsson hefur komið einu sinni í viku í fangelsið til að þjálfa mannskapinn. Gunnar er mikill tónlistarmaður og góður félagsskapur, enda hefur fjölgað til muna í kórnum upp á síðkastið. Félagar kórsins og Afstaða, félag fanga, þakkar Gunnari fyrir ómælda vinnu við uppbyggilegt starf á meðal fanga á Litla - Hrauni, hafðu þökk fyrir.



Sr. Gunnar
Björnsson,
Stjórnandi kórsins



Ljós.: Inga Heiða Heimisdóttir. Úr bæklingi frá Selfosskirkju.

Strax frá upphafi var ljóst að fjölmargir áttu um sárt að binda og varð Aðgát góður vettvangur samstöðu og samkenndar. Auk þess að styðja og styrkja aðstandendur fanga tók Aðgát virkan þátt í ýmsum verkefnum tengdum fangelsismálum

Aðgát, félag aðstandenda fanga.


Sumarið 2003 kom hópur aðstandenda fanga saman í safnaðarheimili Grensáskirkju. Þar var stofnað félag sem hlaut nafnið Aðgát. Allt frá stofnun hefur félagið starfað ötullega að málefnum fanga og annarra þeirra sem fangavist snertir. Strax frá upphafi var ljóst að fjölmargir áttu um sárt að binda og varð Aðgát góður vettvangur samstöðu og samkenndar. Auk þess að styðja og styrkja aðstandendur fanga tók Aðgát virkan þátt í ýmsum verkefnum tengdum fangelsismálum. Í tengslum við nýtt frumvarp um fullnustu

refsinga sem Alþingi fékk til sinnar meðferðar, lét félagið rösklega til sín taka, kynnti málefnið fjölmörgum Alþingis og embættismönnum og leitaði aðstoðar ýmissa sérfræðinga. Á fundum Aðgátar hafa komið fram fyrirlesarar og ýmsir sérfræðingar hafa tekið þátt í ötolu starfi félagsins.

Aðgát hefur yfir að ráða mikilli reynslu og sérstakri þekkingu þrátt fyrir ungan aldur félagsins. Í félaginu eru fulltrúar sem hafa lengi starfað á sviði samfélagsmála, tengst rekstri fangelsiskerfa á erlendra grundu

og starfað að ýmsum meðferðarúrræðum í fangavist. Allur málflutningur félagsins hefur verið vandaður og rækilega rökstuddur og hefur það reynst hið mesta dýrmæti í hinum íslenska frumskógi fangelsismála.

Aðgát vinnur nú að gerð heimasíðu þar sem félagið og málefni þess verður aðgengilegt öllum sem áhuga hafa. Þeir sem vilja kynna sér stafsemi félagsins geta haft samband í síma 483-3940 (Ásgeir / Inga) eða 847-6809 (Guðrún), 862-3227 (Hrafnhildur).



Tryggingar fanga

Vegna fjölda dæma þess að fanga í afplánun hafa fengið neitun fyrir líf- og/eða sjúkdómatryggingu hjá tryggingarfélagum landsins ákvað AFSTAÐA að kanna hug stærstu tryggingarfélaganna varðandi rétt fanga til trygginga sem þessum en einnig að benda föngum á að kanna þennan möguleika, því að besta forvörnin er að gera ráðstafanir í tíma þar sem heilsa okkar allra er bundin óvissu og veikindi eða slys gera sjaldnast boð á undan sér.

Haft var samband við fulltrúa hjá Vátryggingafélagi Íslands (LÍFIS), Tryggingamiðstöðinni (TM), Sjóvá og Alliance og lagðar voru fyrir þá spurningar sem snéru að tryggingarmálum fyrir fanga á meðan á refsivist þeirra stendur. Almennt er það hugur tryggingafélaganna að hver sem er, óháð stöðu geti sótt um tryggingu og væri hver umsókn metin fyrir sig. Alltaf væri heilsufar umsækjanda og lífstill hans metin sér þ.e.a.s. hvort viðkomandi sé veikur fyrir, reyki, vímuefnavandamál o.s.frv. En einnig væri heilsufar skyldmenna kannað s.s. ættgengnir sjúkdómar. Eftir mat á umsókn hvers og eins og í samræmi við athugasemdir sem fram koma er umsókninni annað hvort hafnað eða bundin ákveðnum skilyrðum. Sem dæmi má nefna að ekki er gerð athugasemd við reykingar en í öðrum tilvikum eru gerðar athugasemdir sem leiða til höfnunar.

Samkvæmt gögnum greinarhöfundar eiga um 70% fanga við vímuefnavanda að stríða sem óhjákvæmilega geti haft áhrif á umsókn þeirra eins og að ofan

greinir. En hafi viðkomandi verið með líf- og/eða sjúkdómatryggingu áður en afplánun í fangelsi hófst helst hún í gildi nema að tryggingarþegi óski annars.

Þegar fulltrúar félaganna voru spurðir um það hvort einhverjar hömlur væru á tryggingum fyrir fanga var svarið alls staðar á þá leið að hver umsókn væri metin sér. Það virðist því vera að allir sitji við sama borð í upphafi þ.e.a.s. að allar umsóknir séu metnar sérstaklega. En raunin virðist vera önnur. Reynsla fanga virðist vera sú að tryggingafélagin vilja ekki tryggja þá fyrir slysum, óhöppum o.þ.h. Erfitt er að meta hvort það sé vegna fordóma í garð fanga, brota þeirra eða af öðrum ástæðum. Hvert tilvik er þó metið sér.

Sama er að segja um slysatryggingu fyrir fanga, þ.e.a.s. fangar eru ekki tryggðir við vinnu sína í fangelsinu, en skýringin virðist vera sú að fangar þiggi ekki laun fyrir vinnu sína heldur svokallaða þóknun og uppfylla því ekki skilyrði skilmála tryggingafélaganna. Til gamans er rétt að benda hér á að þóknun og laun eru að þessu leyti sami hluturinn í skilningi skattalaga. Ljóst er þó að tryggingafélagin líta framhjá því að fangar fái greidd laun. Enda myndu slysbætur fanga, sem óheppilega myndi lenda í slysi við vinnu sína, vera heldur litlar, þar sem skilmálar tryggingafélaganna segja að einungis séu borguð 70% af mánaðarlaunum tryggingarþegans vegna vinnutaps. Og er það varla til að hafa upp í kostnað á iðgjaldinu, hvað þá lækniþjónustu sem viðkomandi þyrfti vegna atviksins. Hafi fangi verið slysatryggður áður en að til afplánun kom, þá ætti hann skv.

þessu að leita til tryggingafélagsins sem hann er tryggður hjá og leiðréttar trygginguna í samræmi við breyttar aðstæður enda gæti hún að öðru leyti talist óvirk. Almenna reglan um slysatryggingar hjá tryggingafélagunum er sú að þær eru ákvarðaðar á hverju ári þó svo að tryggingarþegi hafi tekið hana til fimm ára.

Það er því umhugsunarvert fyrir fanga að leita ráða um þessi mál, enda ekki gott að lokinni refsivistinni að greinast með einhvern af þeim sjúkdómum sem hægt er að tryggja sig fyrir hjá tryggingafélagunum og standa uppi með miklar skuldir og lítill fjárráð - hver getur staðið í því? Þar sem að sjúkdómatrygging getur m.a. gert okkur kleift að halda sem eðlilegustu lífsmynstri áfram, mætt útgjöldum vegna veikindanna s.s. lyfjakostnað, kostnað við ferðalaga og/eða breytingum á húsnæði tengd veikindindum svo fá dæmi séu nefnd. Ennfremur að borga þær skuldir sem annars myndu hlaðast upp við veikindin og tekjur minnka. Einnig eru börn hins tryggða tryggð með tryggingu foreldris síns, þannig er hægt að sinna veiku barni sínu án þess að það hafi í för með sér að hafa áhyggjur af tekjumissi.

Hér er aðeins fjallað um brot af því sem tryggingar ná yfir en til frekari glöggvunar má kynna sér skilmála tryggingafélaga um einstaka þætti trygginga.

Tryggingar eru fyrir þá sem treysta á þig og verndar þig og þína fyrir óvæntum áföllum sem geta komið upp hvenær sem er!

Gifting í fangelsi

Stundum er talað um stóru stundina í lífi okkar. Óumdeilanlegt er að fæðing barna okkar og barnabarna er stór stund í lífi manna. Sama gildir um giftinguna, þegar bundist er til æviloka þeirri persónu sem ákveðið hefur verið að verja ævinni með.

En einnig eru til aðrar stundir í lífi manna, sem eru ekki jafn jákvæðar, t.d. veikindi, vinnumissir, andlát aðstandenda, o.f.l. Að sama skapi gætu það talist tímamót í lífi manna, að lenda í fangelsi. Ólíkt spilinu Matador, þar sem forseti gefur upp sakir og lífið gangur áfram sinn vana gang, verða menn að taka afleiðingum gjörða sinna og taka út dóm sinn í fangelsi, sem líklegt er að móti líf viðkomandi til æviloka.

Þó í fangelsi sé komið, er ekki þar með sagt að allar venjulegar athafnir séu úr sögunni. Þar kemur fyrir að menn upplifa fæðingu, skírn eða feringu barna sinna meðan á fangavist stendur, og sumir gifta sig í fangelsi.

Þrír fangar hafa gift sig á Litla Hrauni á undanförmum árum. Stóra ástin mætti í heimsókn til fangans ásamt fangapresti þjóðkirkjunnar og athöfnin fór fram. Stór og merk stund á bak við luktar dyr, með fangaverði sem votta. Greinarhöfundur lék forvitni á að vita hvað kom til að fangi gifti sig við þessar skrítnu og þvingandi aðstæður.

“Ég held að það sé eins og hjá venjulegu fólki, þetta þróaðist út í þetta. Í upphafi úttektar vildi ég hafa allt í föstum skorðun, enga lausa enda. Mér fannst vont að vera í lausu lofti í upphafi úttektar. Mér fannst eins og ég væri að tryggja mér betra líf, með því að gifta mig”, sagir fangi á Litla Hrauni í viðtal við Tímamót.

Þegar fangi byrjar afplánun kemur oft upp uppgjöf og ótti við það sem framundan er. Hvort samfélagið sé tilbúið að taka á nýjan leik á móti einstaklingnum. Í örvæntingu taka þá sumir til þeirra ráða að gera einhverjar

róttækilegar ákvarðanir sem gæti tryggt það að einhver taki á móti þeim eftir að afplánun líkur. *“Vera mín í fangelsinu breyttist verulega, hún varð erfðari og meiri vandræði, íþyngjandi eftir giftinguna. Ég var búinn að tengjast annarri manneskju og hennar lífi, sem flækti allt til muna. Ég átti nóg með mitt líf. Ég var búinn að vera um tvö ár í fangelsinu þegar við ákváðum að gifta okkur”,* segir fanginn, en hann tekur út 16 ára fangelsisdóm.

Athöfnin var látlaus, einungis brúðhjónin, prestur og einn fangavörður. *“Athöfnin fór fram í yfirheyrslu herbergi hjá varðstjóra. Þar var fangapresturinn mættur ásamt einum fangaverði. Ég var í jakkafötum og hún var í kjól. Athöfnin tók um 30 mínútur”,* segir fanginn. Fangavörðurinn var í hefðbundnum fangavarðagalla og presturinn var ekki í hempu. Engar gjafir biðu brúðhjónanna, hvorki frá fangelsinu eða samföngum.

Ég held að það sé eins og hjá venjulegu fólki, þetta þróaðist út í þetta. Í upphafi úttektar vildi ég hafa allt í föstum skorðun, enga lausa enda.

Sláandi niðurstöður skoðanakönnunnar á heilbrigðisþjónustu á Litla - Hrauni



Þann 4. febrúar síðastliðinn var lögð fyrir alla fanga í fangelsinu á Litla-Hrauni skoðanakönnun varðandi þá heilbrigðisþjónustu sem þeir fá á meðan að fangavist þeirra varir og náði hún yfir alla heilbrigðisstarfsstéttina, aðkeypt tannlæknaþjónusta á Selfossi (þjónustað er þegar þörf er á), tvær hjúkrunarkonur (sem skiptast á að koma fjóra daga í viku), tvo lækna (sem skiptast á að koma tvo daga í viku), geðlæknir (sem kemur einn dag í viku) og tvo sálfræðinga (sem skiptast á að koma þrjá fyrstu daga vikunnar). Svarhlutfall var 78%, þar af voru 10 erlendir fangar sem tóku ekki þátt í þessari könnun.

Ástæðan fyrir lagningu þessarar könnunar var svar frá Landlæknisembættinu þess efnis og einnig frá Birni Bjarnasyni dóms- og kirkjumálaráðherra við bréfi frá einum stjórnarmanni AFSTÖÐU félag fanga, þar sem hann taldi heilbrigðisþjónustu í fangelsinu á Litla-Hrauni ekki á bótavant fyrir utan geðlæknaþjónustu þar, enda er eingöngu í boði 25% staða geðlæknis í fangelsinu. Fangar töldu sig vita betur en ekki óraði þeim fyrir því hversu óánægðir fangar eru með þá þjónustu sem þeir fá eða eiga að fá í fangelsinu. En einnig vegna þess að nokkrir fangar segjast hafa orðið varir við trúnaðarþrest meðal starfsmanna heilbrigðisgeirans og bera því lítt traust til þeirra. Niðurstaða könnunarinnar var sláandi, flestir fangar voru óánægðastir með lækna og tannlæknaþjónustu fangelsisins og allmargir með sálfræðiþjónustuna. Svör líkt og þessi: *“Framkoma lækna og hjúkrunarfólks er oft á tíðum dónaleg og niðurlægjandi og frekar í þá átt að letja mann í að nýta sér heilbrigðisþjónustuna. Til að komast til tannlæknis þarf maður að vera frekar ýttinn ...”*, er víða finna í athugasemdum sem fangar skrifuðu í þar tilgerðum reit aftast í könnuninni. Allir fangar sem höfðu nýtt sér

þjónustu tannlæknis sem fangelsið leggur til höfðu eitthvað út á hana að setja, annað hvort þurftu þeir að bíða mjög lengi eftir að fá að komast til þeirra með tannverki o.þ.h. sem þeir mættu litlum skilningi meðal hjúkrunarfræðings fangelsisins um og/eða að þjónustan væri mjög slæm, verðið fyrir þjónustuna var m.a. hluti af því. Sumir voru séðir og báðu um að fá að nýta sér þjónustu síns tannlæknis í Reykjavík en þeir lentu líka í því að þurfa oft á tíðum að bíða eftir að fá að fara í bæinn, en höfðu ekkert slæmt að segja um þá þjónustu sem þeir fengu hjá þeim tannlækni. **Niðurstaðan er hátt verð hjá tannlækninum og löng bið eftir að þjónustu hans.**

Ef fangi þarf nauðsynlega að fá að hitta lækni vegna einhverja kvilla sem hrjá hann þarf fanginn alltaf að hitta fyrst hjúkrunarfræðing fangelsisins (biðin eftir því viðtali geta orðið nokkrir dagar) sem síðan pantar viðtal við lækniinn fyrir fangann (sem tekur líka nokkra daga). Að vísu segir að hvert tilvik sé metið fyrir sig og þannig forgangsraðað á viðtalslistann, þannig má ætla að bráðatilvik séu sett fremst í röðina en því er ekki að sjá samkvæmt áður nefndri könnun því að loft má sjá svör þar líkt og þetta: *“Mér finnst læknaþjónustan vera í lakara lagi. T.d. ef ég vil fara í röntgen þá á bara að bjarga því en ekki bara segja það tekur því ekki, um heilsu hvers er að ræða læknisins eða fangans?”* Einnig voru allmargir svarenda sem sögðust frekar sleppa því að sækja um viðtal við lækni þar sem þeir þurftu þá ekki að tala við hjúkrunarfræðinginn.

Hjúkrunarfræðingur, lækni og sálfræðingur pantar viðtal við geðlækni fyrir fanga, nema um bráðatilvik sé að ræða þá geta fangaverðir einnig kallað til geðlæknis. Geðlækni er í 25% starfi eins og áður hefur komið fram og getur því eingöngu sinnt

hluta af þeirri gífurlegri þjónustu sem hann ætti að sinna enda má segja að allflestir eða allir fangar hafa á einhverjum tíma í afplánun sinni þurft á geðlyfjum að halda sem lækna fangelsisins hafa skrifað upp á. Er það eðlilegt að heimilislæknar ávísi geðlyfjum til sjúklinga án þess að geðlæknir hafi skoðað hann? Haft er eftir einum fanga: *“[Geðlæknirinn] eitt orð glataður, tekur 5 mánuði að fá viðtal við hann”*. **Niðurstaðan er að með því að auka stöðugildi geðlæknis mætti auka þá þjónustu sem geðlæknar sinna sjúklingum sínum og draga úr aukinni lyfjanotkun geðlyfja samfara því.**

Sálfræðingar eru tveir og sinna mjög mikilvægri þjónustu fyrir fanga. Fangar sækja mikið þessa þjónustu þeirra enda má sjá það í því að þeir ná ekki að sinna þeirri þjónustu eins og ætla mætti. Allir þeir fangar sem gerðu einhverja athugasemd við þjónustu sálfræðinganna voru sammála um að þessi þjónusta væri of lítil þ.e. bið eftir viðtali við sálfræðing tekur alltof langan tíma og oft en ekki þá væru fangarnir búnir að taka til sinna ráða varðandi vandkvæðu mál síns annað hvort með því að leggja þau til hliðar og leysa þau ekki eða með því að leita til annarra leiða s.s. vímuegjafa hvers konar. **Niðurstaðan er sú að fangar vilja styttri tíma frá því að skráð sé niður viðtalstími og þar til að viðtalstímanum kemur. Ennfremur mætti virkja fleiri fangaverði til að ræða við fanga þegar þeir teldu að eitthvað sé ábótavant eða langt síðan fangar sóttust eftir viðtali við sálfræðing þetta myndi eflaust draga úr þeirri angist sem fangar þurfa að lifa með daglega.**

Öll þessi svör eru sammerkt meðal fanga, hvort sem um er að ræða fanga sem eru að afplána í fyrsta sinn eða hafa afplánað áður dóm.

” **Ljóst er að heilbrigðisþjónusta, ekki síst almenn heilbrigðisþjónusta, er góð á Litla - Hrauni og framboð á henni mikið. Ef að fangar þurfa á lyfjum að halda strax fá þeir þau. Sé um lyfjagjafir að ræða sem að mati lækni geta beðið er það vinnulag stofnunarinnar að bíða eftir næsta skömmtunartíma. Það er svipað vinnulag og tíðkast víða annars staðar í heilbrigðisþjónustu** ”

Segir í bréfi frá Landlæknisembættinu til stjórnarmanns í Afstöðu.



Tiltekinn hópur fanga á Litla-Hrauni hefur þann kæk að kalla á eftir barnaníðingum, lemja þá svolítið, jafnvel berja duglega, eða hrækja á, sé ekkert að segja. Barnaníðingar eru sem sagt lagðir í einelti á Litla-Hrauni

Markmið eineltis

Texti: Atli Helgason

Á Litla-Hrauni ríkir nokkurs konar stéttaskipting sem á sér rætur í þeim hugsunarhætti að tiltekin afbrot séu betri eða verri en önnur. Ósýnilegur virðingarstigi hefur verið reistur í grennd við turninn þar sem fangar tylla sér í tröppu þá sem hæfir hugmyndum hvers um eigin verðleika. Fíkniefnabarónar fylla efstu þrepin en aðrir dreifast hingað og þangað, þó ekki barnaníðingar. Þeir verða að láta sér duga að góna upp á við og undir allt saman á milli þess sem þeim er kennd lexía.

Tiltekinn hópur fanga á Litla-Hrauni hefur þann kæk að kalla á eftir barnaníðingum, lemja þá svolítið, jafnvel berja duglega, eða hrækja á, sé ekkert að segja. Barnaníðingar eru sem sagt lagðir í einelti á Litla-Hrauni

Mér er ljóst að aðalorsök eineltisins tengist afbroti sem beinist gegn börnum. Markmið eineltisins er hins vegar öllu óljósara, ef það er á annað borð nokkuð. Hugsanlega er tilgangur fanga að þessu leyti sá að hefna og refsra rækilega, í nafni réttlætis auðvitað. Kannski er ætlunin að barnaníðingar láti sér niðurlægingu og barsmíðar að kenningu verða og láti af ósóma sínum. Reyndar er ég þeirrar skoðunar að raunverulegt markmið

með einelti sé ekkert og mig grunar að þeir sem slíkt stunda velti afleiðingunum ekki einu sinni fyrir sér.

Ábyrgð gerenda

Eftir margra ára fangavist og ótal samtöl við fanga get ég fullyrt að langflestir fangar á Litla-Hrauni telja innlokun og harða fangavist í öryggisfangelsi hvetja til nýrra afbrota. Fjölmargir upplifa Litla-Hraun sem ofbeldisfullt og niðurlægjandi hefndartæki sem framleiði glæpamenn. Með þetta í huga er ekki svo vitlaust að velta fyrir sér hvaða áhrif einelti í fangelsi kann að hafa á barnaníðinga enda er ofbeldi og niðurlæging eineltisins jú viðbót við hina hefðbundnu og þungbæru fangavist. Um leið er rétt að hafa í huga að þeir sem leggja í einelti bera ábyrgð á afleiðingum þess.

Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar í tengslum við afbrot gegn börnum en þrátt fyrir talsverða leit, hef ég rekist á fátt sem varðar einelti og afleiðingar þess. Rit sem þessu tengjast snúast helst um skilgreiningar og tölulegar upplýsingar, ýmis einkenni brotamanna, tengsl við fórnarlömb, sérstök meðferðarúræði og flest annað en áhrif eineltis. Hins vegar verður að gera ráð fyrir því að harðræði og niðurlæging í fangelsi hafi

slæm áhrif á barnaníðinga, rétt eins og aðra fanga. Bandarískur niðingur hefur m.a. lýst því í sjónvarpi. Hann hefur greint frá nýjum einkennum afbrota sinna og fjölgun fórnarlamba eftir losun úr fangelsi.

Reynsla fanga á Litla-Hrauni

Eins og áður sagði telja fangar á Litla-Hrauni að samhengi sé á milli þungra dóma, harðræðis í fangavist og nýrra glæpaverka. Ekki er gerður greinarmunur á brotaflokkum og á þetta því jafnt við um barnaníðinga sem aðra. Á sama hátt verður að gera ráð fyrir því að einelti auki afleiðingar fangavistarinnar og hvetji enn frekar til nýrra glæpaverka. Þeir sem niðurlægja og berja barnaníðinga eru því að beina fórnalömbum sínum inn á frekari glæpabraut, samkvæmt þessu. Það er því engin furða að maður spyrji sig hvort "stórir strákar" séu tilbúnir til að bera ábyrgð á öllum afleiðingum eineltis, þar á meðal þjáningum nýrra fórnarlamba úr röðum barna.

Að lokum

Ekki er úr vegi að benda barnaníðingum sem vilja halda uppteknum hætti á að þeir kunna að eiga sinn þátt í þjáningum barna framtíðarinnar.

GAY - í fangelsi.



Það litla kynlíf sem fangar hafa átt sín á milli hefur að öllum líkindum verið með upplýstu samþykki beggja aðila, eða a.m.k. ekkert sem bendir til hins gangstæða.

Í amerískum kvikmyndum er þeirri gamalkunnu staðalímynd oft brugðið upp að fangelsisvist feli í sér að viðkomandi neyðist til að svala kynferðislegum löngunum einhverra samfanga sinna. Sem betur fer er raunveruleikinn þó annar, í það minnsta hér á landi.

Í íslenskum fangelsum, líkt og á flestum stöðum í heiminum, er föngum skipt eftir kynjum. Því velta margir utan múra fyrir sér hvort sú staða komi upp að fangar fari að renna híru auga til hvors annars þegar líði á vistina.

Fangelsi eru eins og aðrir litlir þéttbýliskjarnar úti á landi: Þar þrífast fá leyndarmál og allir vita allt um alla. Fáum sögum fer af kynferðislegum samgangi milli fanga, en í þeim örfáu tilvikum sem menn þekkja til, hefur

fangelsun ekki verið neinn orsakavaldur í breytingu kynhneigðar, þ.e. hneigð til karlmanna hefur verið til staðar áður en að afplánun kom.

Það litla kynlíf sem fangar hafa átt sín á milli hefur að öllum líkindum verið með upplýstu samþykki beggja aðila, eða a.m.k. ekkert sem bendir til hins gangstæða. Hvorki fangar né fangaverðir vita dæmi þess að nauðgun hafi átt sér stað, né hefur nokkurn tíma slíkt atvik verið kært innan fangelsa.

Velta má fyrir sér hvort erfitt sé fyrir samkynhneigða menn að vera vistaðir í fangelsi á Íslandi. Einhver gæti ímyndað sér að varla væri til skemmtilegri staður fyrir homma en að vera lokaður inni með tugum stæltra karlmanna, sem hefðu það að helstri dægrardvöl að

spjalla saman liðlangan daginn og lyfta lóðum þess á milli. En hér er frekar horft til þess hlutverks að tilheyrast minnihlutahópi innan minnihlutahóps. Skyldu samkynhneigðir verða fyrir aðkasti í fangelsi?

Svo virðist ekki vera. Í fangelsinu að Litla-Hrauni hefur bæði verið rætt við yfirlýsta homma, sem og aðila sem enn ekki eru tilbúnir að koma út úr skápnum (en hafa engu að síður ekki dregið dul á hegðun sína), og kannast hvorugir við nokkuð mótlæti tengt kynhneigð sinni.

Hvort umburðarlyndi fanga í þessum efnum sé meira en almennt gerist skal ósagt látið, en sé svo, hlýtur það að teljast til eftirbreytni þeim sem utan múra eru.



Farsímanotkun er leyfð á Kvíabryggju

Á Íslandi eru fimm fangelsi sem heyra undir Fangelsismálastofnun ríkisins. Þau eru: Fangelsið á Akureyri, Hegningarhúsið Reykjavík, Kvennafangelsið Kópavogi, Litla - Hraun Eyrabakka, fangelsið Kvíabryggju Grundafirði. Auk þess er Fangelsismálastofnun með samning við meðferðarstofnanir t.d. Meðferðarheimilið Byrgið, Vog, Stuðla og Hlaðgerðakot. Þá er samningur við Sólheima, þar sem er gert ráð fyrir plássi fyrir þrjá fanga. Þegar stuttur tími er eftir af afplánun fanga er áfangaheimilið Vernd í Reykjavík.

Mismunandi áherslur er á ofangreindum fangelsum. Fangelsið Litla - Hraun, sem er þekktast á Íslandi er skilgreint sem öryggisfangelsi. Hegningarhúsið sem gengur daglega undir nafninu Níán, á meðal fanga er móttökufangelsi. Fangelsið í Kópavogi er kvennafangelsi. Kvíabryggja er opið fangelsi. Fangelsið á Akureyri er staðsett í lögreglustöðinni í bænum, það fangelsi mundi flokkast undir öryggisfangelsi.

Greinarhöfundur leitaði upp lýsinga hjá Dómsmálaráðuneytinu varðandi reglur um mismunandi áherslustig fangelsanna. Engar reglur eru til um það, né lög. Öll fangelsin fara eftir sömu lögum, þ.e. lög um fullnustu refsíðoma og reglugerð sama efnis. Einnig er farið eftir evrópsku fangelsisreglunum. Þó eru mismunandi húsreglur á hverjum stað fyrir sig. Fangelsið Litla - Hraun er skilgreint hjá Fangelsis-

málastofnun og Dómsmálaráðuneytinu sem öryggisfangelsi, þar er tvöföld girðing utanum fangelsið og eru föngum gerðar þrengri reglur um aðbúnað í fangelsinu. Fangar eru læstir inni á klefum sínum kl. 22 á kvöldin og ekki opnað fyrr en kl. 8 að morgni. Á Kvíabryggju eru fangar ekki læstir inni á klefum sínum. Fangar þar hafa leyfi til að bera á sér farsíma og aðgang að internetinu, þó undir eftirliti. Á Litla - Hrauni hafa fangar ekki slík leyfi. Á Kvíabryggju er engin girðing utan um fangelsið og hafa fangar þar nánast óskertan útivistartíma. Þegar fangar ljúka afplánun t.d. á Byrginu eða Vernd hafa fangar óhindraðan aðgang að Netinu, þeir fá að bera á sér farsíma og heimsóknir eru mun rýmri auk útivistartíma.


Fangelsismálastofnun ríkisins ákveður í hvaða fangelsi eigi að vista menn. Tekið er þá tillit til dóms viðkomandi og sögu hans, aldurs o.f.l.. Einnig er reynt að koma á móts við fangann og fjölskyldu hans, að vista hann þar sem stutt er fyrir fjölskyldu hans að koma í heimsókn. Þrátt fyrir þessar reglur, sem kveðið er á um í fullnustu refsíðoma, virðist vera að fangar með eins dóm og jafnvel fangar í sama máli eru vistaðir á mismunandi stöðum. Jafnvel fangar sem mundi teljast vera með allvarlegan glæp á bakinu fá vistun í opnum fangelsum. Þar fá fangarnir, eins og greint var frá hér að ofan rýmri reglur um veru sína í fangelsinu.

Svo virðist sem að flokkun fanga í fangelsi og þær reglur sem eru við líði í fangelsum landsins er þróun sem hefur átt

sér stað á löngum tíma og leiðst í mismunandi áttir, þrátt fyrir að farið er eftir sömu lögum. Einhverskonar hefðir hafa myndast í sitthvoru fangelsinu. Eins og glögglega má sjá í fangelsinu á Kvíabryggju þar sem fangar fá að hafa sinn eigin farsíma.

Í evrópsku fangelsisreglunum sem öll ríki í Evrópu verða að starfa eftir kemur m.a. fram að frelsissviptingin er fangelsun í sjálfu sér. Aðstæður sem föngum eru búnar og meðferð skal því ekki auka þá þjáningu sem í fangelsun felst, nema slíkt tilheyrir eðlilegum aðskilnaði fanga eða sé nauðsynlegt til að halda uppi aga. Einnig er talað um að tryggt sé að aðbúnaður samræmist mannlegri virðingu og þeim lífsháttum sem taldir eru bærilegir í samfélaginu. Einnig að dregið sé svo sem unnt er úr skaðlegum áhrifum fangavistar og þeim mismunum á fangelsislífi og lífi hins frjálsa manns sem skert getur sjálfsvirðingu eða persónulega ábyrgðarkennd fanga. Einnig að þeim tengslum við skyldmenn og samfélagið sem þjónar best hagsmunum fanganna og fjölskyldu þeirra sé haldið við og þau treyst. Í evrópsku reglunum er sagt að fangar skulu svo sem framast er unnt, vera vistaðir á stofnunum sem eru opnar í eðli sínu, eða þar sem tækifæri til sambands við umheiminn eru veitt sem oftast. Hefja ber undirbúning að losun fanga svo fljótt sem unnt er eftir móttöku á refsistofnun. Þannig ber við meðferð fanga að leggja áherslu á áframhaldandi þátttöku þeirra í lífi samfélagsins, en ekki á útilokun þeirra frá því.

”
Á Kvíabryggju er engin girðing utan um fangelsið og hafa fangar þar nánast óskertan útivistartíma. Þegar fangar ljúka afplánun t.d. á Byrginu eða Vernd hafa fangar óhindraðan aðgang að internetinu, þeir fá að bera á sér farsíma og heimsóknir eru mun rýmri auk útivistartíma.
”



Þá vill gleymast að þegar hörmulegir atburðir verða í fjölskyldum er fólk í losti og andlegu ójafnvægi í flestum tilvikum ekki fært um að tjá sig á eðlilegan hátt um það sem spurt er um. Það kemur og fyrir að viðtöl eru tekin við hinn meinta brotamann. Segja má að þegar svo er þá hefji fjölmiðillinn einhversskonar sjálfstæða rannsókn á málinu og þá undir merkjum rannsóknarblaðamennskunnar.

Ágengir fjölmiðlar

Enginn sem fetar braut afbrota getur verið öruggur um að mál hans rati ekki inn í fjölmiðla fyrr eða síðar. Feitletraðar fyrisagnir í dagblöðum geta velgt mönnum hressilega undir uggum og gert vont verra. Andleg liðan verður bágar en áður og fjölskyldur viðkomandi sitja hnípnar og ráðalauser.

Í nútímasamfélagi er fréttáflutningur af rannsókn sakamála og dómsmeðferð talinn sjálfsagður og í því sambandi heyrir oft nefnt að hér hafi fjölmiðlar upplýsingaskyldu að gegna. Rétt er það að fjölmiðlar miðla upplýsingum um hvaðeina sem er á seyði í samfélaginu sannur fjölmiðill vill vera vakandi yfir öllu því sem hrærist í mannlífssjúpinu. Þessar upplýsingar eru stundum á floti í samfélagi okkar eða skjóta skyndilega upp kolli og eru margar hverjar góð sölutíðindi fyrir fjölmiðla. Yfirleitt ræðst gangur sölnnar af eðli þeirra og hvernig þær eru matreiddar fyrir lesendur.

Fjölmiðlar eru misaðgangsharðir í umfjöllun sinni um meinta og dæmda brotamenn. Flestir þeirra virðast hafa sett sér í þessu efni nokkuð skýrar reglur. Nafn og myndbirtingar dæmdra manna tíðkast t.d. ekki hjá sumum fjölmiðlum nema mál séu mjög alvarleg og að þungir dómar falli og aðrir láta jafnvel aðeins nafns getið. Allir leitast þeir við að virða hið sigilda sjónarhorn að enginn sé sekur uns sekt er sönnuð en í einstökum málum hefur þó komið fyrir dæmandi fréttáflutningur. Réttmæti myndbirtinga af meintum brotamönnum eða dæmdum mönnum kom hér áður fyrr iðulega til umræðu og sýndist sitt hverjum. Margir telja reyndar slíkar mynd og nafnbirtingar vera íþyngjandi fyrir meinta og dæmda brotamenn og fjölskyldur þeirra. Í hugum sumra styrkist jafnvel sú trú að sé mynd birt af meintum

sakamanni og nafn hans getið þá sé líklegra að hann sé sekur. Ágengur fjölmiðill gengur býsna langt í fréttáflutningi sínum af sakamálum en setur þó yfirleitt ágengni sinni ákveðin mörk og þá fyrst og fremst gagnvart fórnarlömbum brotamanna.

Það hlýtur ætíð að vera nokkur línudans hjá ágengum fjölmiðlum að fjalla um alvarleg sakamál. Hér tengjast auðvitað saman fréttneami brots og hver hinn meinti brotamaður er. Oft er reynt sem fyrst að ná tali af einhverjum nátengdum fórnarlambi. Þá vill gleymast að þegar hörmulegir atburðir verða í fjölskyldum er fólk í losti og andlegu ójafnvægi - í flestum tilvikum ekki fært um að tjá sig á eðlilegan hátt um það sem spurt er um. Það kemur og fyrir að viðtöl eru tekin við hinn meinta brotamann. Segja má að þegar svo er þá hefji fjölmiðillinn einhversskonar sjálfstæða rannsókn á málinu og þá undir merkjum rannsóknarblaðamennskunnar. Fjölmiðillinn telur brýnt að afhjúpa hugsanleg samfélagsmein sem skýri að hluta til það brot sem framið var. Dæmi um þetta er umfjöllun um málefni geðsjúkra brotamanna. Þá er iðulega dreginn fram vanmáttur heilbrigðiskerfisins og brotalamir í félagslega kerfinu. Umfjölluninni er þá jafnframt ætlað að reka ábyrga ráðamenn til að taka á þeim málum þar sem augljósra úrbóta er þörf vegna þess að ágallar í kerfinu séu líklega ein skýring af mörgum á mannlegum harmleikjum geðsjúkra brotamanna. Þetta er vissulega þarft því aldrei er nógu oft vakin athygli á vanköntum og fjárskorti stofnana sem sinna þeim sem minnst mega sín í íslenska velferðarsamfélaginu.

En nemum ögn staðar við umfjöllun um mál geðsjúkra afbrotamanna. Í flestum tilvikum er um að ræða nokkuð langa sjúkrasögu hins meinta

brotamanns og fjölskylda hans hefur iðulega verið með öllu ráðalaus og þjáðst með honum. Alvarleg brot sem hann kann að hafa framið verður því krappasta aldan sem skellur á honum og fjölskyldu hans að ógleymdu fórnarlambi og fjölskyldu þess. Harmleikurinn er því þungbærari þar sem um er að ræða sjúkan einstakling og fjölskyldur sem iðulega eru markaðar af sjúkleika hans. Ítrekaðar mynd- og nafnbirtingar ágengra fjölmiðla í slíkum málum eru því sem salt sem stráð er í sárin. Upplýsingaþrá hinna ágengu fjölmiðla snýst því frá kjarna málsins og inn á hið persónulega svið og skilur þar eftir aukin sárin og þyngri harm. Hinir ágengu fjölmiðlar gleyma sér stundum vegna þess að þeim finnst fréttin kannski vera safarík og krassandi og líkleg til að vekja athygli á miðlinum bæði hjá þeim sem þykja í fréttina varið og einnig hjá þeim sem telja að langt sé farið út fyrir öll velsæmismörk í umfjölluninni og hún ali jafnvel á fordómum í garð einstakra minnihlutahópa í samfélaginu.

Fjölmiðill sem skilgreinir sig sem ágengan getur vissulega stundað ágengni sína af krafti í mörgum málum en í öðrum verður hann að hafa gát á sjálfum sér og gæta höfsemi. Til að greina þar á milli verða fjölmiðlamenn að beita skynsemi sinni og skoða samvisku sína.

Fjölmiðill má ekki gleyma því að virða kjör og liðan hinna ógæfusömu, sjúku og ósakhæfu sem verða fyrir þeirri ógæfu að valda öðrum tjóni á líkama og sál. Hann má ekki gleyma því að virða mennsku þeirra og virða fjölskyldur þeirra. Gleymi hann því hefur sálarlaust silfrið náð heljartökum á honum ásamt skepnuskapnum. Fyrir hverja væri slíkur fjölmiðill.

Sr. Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur.

**Tíminn er mun lengur að
líða í fangelsi**



HVERT LIGGUR ÞÍN LEIÐ?

AFSTADA
félag fanga

**Er þetta framtíð þín?
Þú hefur val
Hvað ætlar þú að verða þegar
þegar þú verður stór?**